



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 15. nóvember 2021 kl. 16.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhann Ösp Einarsdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð í tölvu og er ein blaðsíða

Fomaður bauð fundamenn velkomna og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin önnur mál bárust og var þá gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 11. október 2021.  
*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*
2. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 14. október 2021.  
*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*
3. 2108005 - Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020, breyting til umsagnar.  
*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytinguna. Samþykkt samhljóða.*
4. 2111001 - Teigskógur 139693, umsókn um stofnun vegsvæðis.  
Lögð er fram umsókn Vegagerðarinnar.  
*Nefndin samþykkir umsókn um stofnun lóðarinnar með einu atkvæði JÖE. KK og II sitja hjá.*
5. 2111002 - Þórisstaðir 139699, umsókn um stofnun vegsvæðis.  
*Nefndin samþykkir umsókn um stofnun lóðarinnar með einu atkvæði JÖE. KK og II sitja hjá.*
6. 2111007 - Endurnýjun Reykhólahafnar, þilskurður verðkönnun.  
Lagðar eru fram niðurstöður verðkönnunar Vegagerðarinnar vegna þilskurðar.  
Björgun kr. 63.336.000.-  
Hagtak kr. 58.100.000.-  
*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tilboð Hagtaks. Samþykkt samhljóða.*
7. 2102009 - Fundargerð 438. fundar Hafnasambands Íslands.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Farið yfir fundargerðina, fundi slitið kl. 16.40

---

---